

Háskóli Íslands
Sæmundargötu 2
101 Reykjavík

Reykjavík, 11. september 2023
UST202307-294/A.B.
10.04.01

Efni: Umsögn - Mat Umhverfisstofnunar á gæðum gagna - Rammaáætlun

Vísað er til erindis faghóps 1 er barst 26. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort gögn þau um náttúrufar sem grein er gerð fyrir í meðfylgjandi skjali teljast nægjanleg til að meta þá þætti sem taka skal tillit til í samræmi við 10. grein laga nr. 48/2011. Auk þess er óskað eftir samráðs- og rýnifundi með viðkomandi sérfræðingum Umhverfisstofnunar til að fara yfir gögnin, í samræmi við verklag í fyrri áföngum rammaáætlunar.

Í erindinu kemur einnig fram að verkefni faghóps 1 er að meta virkjunarkosti og landsvæði með tilliti til náttúru, menningarminja, landslags og víðerna. Í því felst að meta eftirfarandi viðföng: jarðminjar og vatnafar (undirviðföng berggrunnur, jarðgrunnar og vatnafar), lífverur (undirviðföng plöntur, fuglar, vatnadýr og hitakærar örverur), vistkerfi og jarðvegur, landslag og víðerni og menningarminjar.

Auk þess fylgir erindinu gögn og heimildir um náttúruminjar sem höfð eru til hliðsjónar við mat á viðföngum jarðminjar og vatnafar, vistkerfi og jarðvegur, landslag og víðerni, og undirviðföng fuglar og plöntur fyrir þá virkjunarkosti sem nú eru til mats í 5. áfanga rammaáætlunar.

Umhverfisstofnun telur það ágætt að höfð séu eldri gögn til hliðsjónar til að sjá hvernig ástand svæðanna var á þeim tíma og rannsóknirnar voru unnar.

Vatnamál

Umhverfisstofnun bendir á að lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála hafi verið innleidd með gerð vatnaáætlunar 2022 - 2027. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns sem og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að unnið sé með ákvæði laganna í verkefni faghópsins og vill stofnunin benda á vefsíðuna í því samhengi þar sem m.a. eru settar fram þær skýrslur sem unnar hafa verið af samstarfsstofnunum Umhverfisstofnunar í málaflokknum og varða vatn og vatnalífriki. Í 28. gr. laganna, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, segir að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda, svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og

samgangna, skulu vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn, strandsjó, lón og jökla). Öll vatnshlot eiga að ná þeim umhverfismarkmiðum sem hafa verið sett fyrir þau og má ástand þeirra ekki rýrna. Meginreglan í lögum um stjórn vatnamála er sú almenna krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu um að vatnsgæði rýrni ekki. Samkvæmt lögnum verður allt vatn að ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau (sjá vatnavefsja vatnaáætlunar).

Við mat á vistfræðilegu ástandi eru notaðir líffræðilegir-, eðlisefnafræðilegir og vatnsformfræðilegir gæðapættir. Hægt er að nálgast yfirlit yfir þá gæðapætti sem á að nota til ástandsflökkunar stöðuvatna og straumvatna í vöktunaráætlun vatnaáætlunar¹ (tafla 1). Mat á ástandi er byggt á þeirri aðferðarfræði sem er sett fram í skýrslum Hafrannsóknarstofnunar, Náttúrufræðistofnunar og Veðurstofu Íslands². Lög um stjórn vatnamála taka bæði til kalds og heits grunnvatns, en samkvæmt lögnum eiga öll grunnvatnshlot að ná markmiðum um góða magnstöðu. Það þýðir að nýting grunnvatns á að vera sjálfbær og ekki skuli taka meira grunnvatn úr grunnvatnsgeyminum en skilar sér í hann. Jafnframt skal efnafræðilegt ástand bæði yfirborðsvatnshlota og grunnvatnshlota vera gott, en þar er átt við ákveðin mengunarefni skv. reglugerð nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns, reglugerð nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Meta þarf og gera grein fyrir vistfræðilegu ástandi allra þeirra vatnshlota sem verða fyrir áhrifum framkvæmda eins snemma í ferlinu og hægt er. Framkvæmdir eða breytingar á vatni/vatnshlotum mega ekki valda því að vatnshlot falli um flokk, fari úr t.d. mjög góðu ástandi í gott ástand eða skipti um vatnagerð t.d. breyting á straumvatni yfir í stöðuvatn. Þegar mat á vistfræðilegu ástandi liggur fyrir þá þarf að meta þau áhrif sem framkvæmd kemur til með að valda á vatn. Verði niðurstöður slíks mats að umhverfismarkmið vatnshlotanna náist ekki þarf að sækja um heimild til Umhverfisstofnunnar skv. 18. gr. laga um stjórn vatnamála til breytinga á vatnshlotunum. Til að hægt sé að veita slíka heimild þurfa skilyrði 18. gr. að vera uppfyllt. Í þessum skilyrðum kemur fram að tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna þurfi að vegna þyngra vegna almannaheilla og /eða ávinnings fyrir heilsu og öryggi manna eða fyrir sjálfbæra þróun, en ávinningurinn af því að umhverfismarkmið náist. Jafnframt þarf það að liggja fyrir að tilgangur framkvæmdanna eða umsvifanna verði ekki með góðu móti náð með umhverfisvæni leiðum vegna tæknilegra erfiðleika eða óhóflegs kostnaðar. Ljóst er að hér er að finna mikla samlegð með þeirri vinnu sem fer fram við vinnu rammaáætlunar og við mat á þeim framkvæmdum sem liggja á borði verkefnastjórnar. Mikilvægt er að þessir þættir séu vegnir og metnir á móti því

¹ [Vöktunaráætlun vatnaáætlunar 2022 - 2027](#).

² Eydís Salome Eiríksdóttir, Sunna Björk Ragnarsdóttir, Gerður Stefánsdóttir, Fjóla Rut Svavarsdóttir & Svava Börk Þorláksdóttir (2020). [Lýsing á viðmiðunaraðstæðum straum- og stöðuvatna á Íslandi - Leiðrétt útgáfa nóvember 2022](#). Skýrsla til Umhverfisstofnunar. Veðurstofa Íslands, VÍ 2020-007/HV 2020-23/NÍ-20004. 114 bls.

að umhverfismið vatnshlotsins náist ekki. Samræma þarf vinnu rammaáætlunar við þá stefnumörkun sem sett er fram í vatnaáætlun og í samræmi við lög um stjórn vatnamála.

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að koma á fundi með faghópi 1 og verkefnastjórn til að ræða frekar hvernig hægt er að vinna að þessari samræmingu.

Náttúruvernd og aðliggjandi framkvæmdarsvæði

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um í tillögunni hvort framkvæmdir utan friðlýstra svæða geti á einhvern hátt haft áhrif á hinu friðlýstu svæði. Skv. 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.

Rammaáætlun og friðlýsingar

Umhverfisstofnun bendir á að við samþykkt Alþingis að fyrstu tillögu til þingsályktunar um um verndar- og orkunýtingaráætlun þann 14. janúar 2013 tóku önnur ákvæði en 1.-3. gr. laga nr. 48/2011 gildi. Við það varð það hlutverk verkefnastjórnar rammaáætlunar verndar- og orkunýtingaráætlunar að skilgreina svæði sem ástæða þykir til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu vegna virkjunarkosta sem verkefnastjórn leggur til að falli í verndarflokk rammaáætlunar.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruframbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir. Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá útbreiðslu vistkerfa og jarðminja á kortasjá Náttúrufræðisstofnun Íslands.³

Umhverfisstofnun bendir á að Skógræktin hefur það hlutverk að skilgreina og kortleggja náttúrulega birkiskóga sem falla undir 61. gr. náttúruverndarlaga. Auk þess hefur Skógræktin nú þegar kortlagt náttúrulega birkiskóga og hefur sú afmörkun verði birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Umhverfisstofnun bendir á að Ní hefur sett fram tillögur að svæðum á framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár út frá verndun vistgerða, fugla og jarðminja. B-hluti náttúruminjaskrár er skrá yfir þær náttúruminjar sem Alþingi hefur ákveðið að setja í forgang um friðlýsingu eða friðun á næstu fimm árum.

³ <https://serstokvernd.ni.is/>

Tillögurnar hafa verið birtar á heimasíðu stofnunarinnar og fela í sér mat á verndargildi þeirra svæða sem þar eru tilgreind (<https://natturuminjaskra.ni.is/>).

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er um að ræða gildandi B-hluta náttúruminjaskrár þar sem tillögurnar hafa ekki hlotið þá málsmeðferð sem um getur í lögum þar sem m.a. er haft samráð við sveitarfélögin, landeigendur og aðra hagsmunaaðila en áður en tillögurnar verða lagðar fyrir Alþingi verður haft samráð við áðurnefnda aðila.

Hins vegar vill stofnunin benda á þar er að finna upplýsingar og gögn fyrir svæðin sem hægt sé að hafa til hliðsjónar um helstu umhverfisþætti.

Auk þess bendir stofnunin á að þegar framkvæmdaáætlun (B-hluti) náttúruminjaskrár verður samþykkt af Alþingi getur það haft áhrif á verndarstöðu þeirra svæða sem tillagan nær til.

Önnur gögn

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á öðrum gögnum sem mikilvægt er að hafa til hliðsjónar eins og við á.

Plöntur

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu nr. 1385/2021⁴ um friðun æðplantna, mosa og fléttna er listi yfir plöntur sem njóta verndar í samræmi við 1. mgr. 56. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Selalátur

Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá afmörkun selaláttra á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands.⁵

Framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrá 2004 - 2008 og 2009 - 2013

Umhverfisstofnun bendir á að hægt er að sjá afmörkun svæða sem skilgreind voru framkvæmdaráætlun náttúruminjaskrá fyrir árin 2004 - 2008 og 2009 - 2013 á kortasjá Umhverfisstofnunar.⁶

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Sverrir Aðalsteinn Jónsson

teymisstjóri

⁴ <https://ust.is/library/sida/Nattura/Pl%c3%b6ntufri%c3%b0un.pdf>

⁵ <http://selalatur.ni.is/>

⁶ <https://kortasja.ust.is/mapview/?application=NVAaet>